

Greinargerð
um fyrirhugaða fiskirækt á laxgenga
hluta vatnasvæðis Ölfusár-Hvítár.

eftir Þór Guðjónsson, veiðimálastjóra.

Á síðastliðnu ári samþykkti aðalfundur Veiðifélags Árnesinga að hefja stórkostlega fiskiræktarstarfsemi á félagssvæði sínu, sem framkvæma skyldi á nokkrum árum. Fiskiræktarstarfsemin skyldi ná inn á flest svið fiskiræktarmálanna svo sem friðun fyrir netaveiði, eftirlit með veiði, uppbygging laxlítilla eða laxlausra straumvatna, klakrekstur, lagfaring árfarvega, fiskvegagerð og útrýming veiðivargs. Aldrei fyrr hér á landi hefur verið samþykkt að ráðast í jafn umfangsmikla og margþætta fiskiræktarstarfsemi sem þessa.

Búast má við góðum árangri af ræktunarstarfsemi félagsins og mun hann koma fram í auknum arði af veiðihlunnindum í framtíðinni, veiðibændum og hér-aðinu í heild til hagsbóta.

Fiskiræktaráform Veiðifélags Árnesinga hefur að vonum vakið mikla athygli og hafa menn skipað sér í flokka með og á móti þeim eins og venja er til um mál í lýðfrjálsu landi. En þar sem orðið hefur vart í umræðum manna við furðu mikinn ókunnugleika um fiskiræktaráform félagsins, þykir rétt að gera veiðieigendum nokkra grein fyrir þeim.

Veiðibændum mun manna kunnust saga laxveiðanna á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár, en þó skal hún rakin hér í örfáum dráttum. Það var ekki fyrr en fyrir fáum áratugum að lax varð verzlunarvara, en til þess tíma var eingöngu veitt til heimilisnotkunnar. Veiðarferi voru frumstæð og afkastalítill. Með aukinni eftirspurn eftir veiði tóku menn að auka og bæta veiðiútbúnað sinn og veiðin jókst verulega um árabil. Örlagaríkasti þátturinn í þróun veiðitækninnar var innleiðing girðingaveiði, því að nokkrum árum eftir að byrjað var að nota girðingar á leirusvæði Ölfusár, náðu veiðiafköst á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár hámarki sínu, en þau fóru síðan jafnaðarlega minkandi, þó að svipaður veiðiútbúnaður hafi verið notaður áfram. Þegar dró úr veiðinni fóru menn að sjá að í óefni mundi komið og nauðsynlegt væri að stöðva frekari ránveiði. Var þá stofnað Fiskiræktar- og veiðifélag Árnesinga árið 1938.

Félag þetta var ekki langlíf, og var leyst upp, en nýtt félag var stofnað 1940 undir nafninu Veiðifélag Árnesinga.

Veiðifélag Árnesinga hefur nú starfað um 8 ára skeið að góðum málstað, en hefur átt á margan hátt erfitt uppdráttar, og er þar m.a. um að kenna sinnuleysi margra félagsmanna um velferð þess og andúð annara þess í garð. Fiskiræktin á félagssvæðinu hefur því gengið seinlegar, heldur en ella hefði þurft að vera.

Stjórn Veiðifélagsins hefur mikinn hug á að auka fiskiræktarstarfsemina á veiðisvæðinu til að flýta fyrir uppbyggingarstarfinu sem mest. Það var með það í huga, að hún skipaði nefnd haustið 1946 til að gera tillögur um fiskiræktarástafanir á vatnasvæðinu, er gefa myndu skjótan og góðan árangur eftir því, sem mögulegt væri, og átti ég sæti í nefnd þessari. Nefndin ræddi málið og kom sér saman um að gera eftirfarandi tillögur:

1. Hætta laxveiði í net í nokkur ár og leyfa aðeins stangaveiði þau ár.
2. Auka veiðieftirlitið á vatnasvæðinu og framfylgja m.a. ákvæðum reglugerðar frá 7. júní 1943 um göngusilungsveiði á félagssvæðinu.
3. Flytja laxaseiði í eftirtaldar ár og friða þær: Tunguá í Grafningi, Ásgarðslæk í Grímsnesi, Fullsæl (Andalæk) í Biskupstungum, Hólá í Laugardal, Fossá, Dalsá og Skipholtsgil í Hreppum.
4. Klekja út seiðum í fyrrnefndar ár. Áherzla verði lögð á að afla klaklax af heppilegustum stofnum til undaneldis.
5. Dýpka ósa Laxáanna (Stóru-og Litlu) í Hreppum til að auðvelda laxinum gönguna í þær.
6. Athuga möguleikana á að gera þverár Tungufljóts að laxám.
7. Útrýma óvinum laxins, svo sem sel, ýmsum fuglum og minkum.
8. Rannsaka laxastofnana í vatnakerfinu.
9. Kynna félagsmönnum fiskiræktarstarfsemi félagsins og efla áhuga þeirra fyrir ræktuninni.

Tillögur þessar voru samþykktar á fundi stjórnar Veiðifélagsins og lagðar fyrir aðalfund félagsins í apríl 1947 í formi eftirfarandi heimildar, og hlaut hún samþykki fundarins:

"Fundurinn heimilar stjórn Veiðifélags Árnesinga að leigja alla stangaveiði á laxi á öllu veiðifélagssvæðinu til tíu ára fyrir 50 þúsund krónur á ári. Að engin netaveiði verði rekin í Ölfusá eða annars staðar á vatnasvæðinu næstu sex ár. Að eftir þann tíma sé Veiðifélagi Árnesinga heimilud netaveiði í samráði við og að tillögum veiðimálastjóra og með endurskoðun á leigunni, ef netaveiði verður hafin. Að þetta umrædda tímabil verði öll stangaveiðileigan notuð til

að auka laxinn á vatnasvæðinu, t.d. með því, að hafa örugga vörzlu á öllu vatnasvæðinu, með því að útrýma sel og öðrum veiðivargi, með auknu klaki, bæta laxgengi hliðaranna, bæði þeirra, sem eru laxgengar og hinna, sem eru torleiði í fyrir lax, eins og Tungufljót".

Skal nú gerð grein fyrir ástæðum þeim, sem liggja til grundvallar umræddum tillögum.

Fljótverkasta og fyrirhafnarminnsta aðferðin til að auka laxastofna í ám er algjör friðun, svo framarlega sem smástofnar séu eftir í ánum. Við höfum góða reynslu af friðun hér á landi þar, sem hún hefur verið reynd, og erlendis hefur þetta verið margsannað. Eskilegast hefði verið að friða laxinn á vatnasvæðinu fyrir allri veiði í nokkur ár. En einnig var eftirsóknarvert, að jafnframt friðuninni, væru framkvæmdar fleiri fiskiræktarráðstafanir en hún, svo sem útrýming veiðivargs, uppbygging laxlitlu eða laxlausra smástraumvatna og lagfæring á árfarvegum, en til framkvæmda slíkra ráðstafana þarf fé. Var því horfið að því ráði til fjáröflunar að bjóða félagssvæðið á leigu til stangaveiði. Stöngin er eins og menn vita afkastalítið veiðarfæri samanborið við netin, og mun stangaveiðin ekki þurfa að valda verulegri truflun á friðuninni.

Lengi hafa verið í lögum ákvæði um takmörkun á veiði til verndunar og viðhalds fiskstofnunar. Virðing manna fyrir slíkum ákvæðum hefur jafnan verið af skornum skammti. Hafa stundarhagsmunir og skammsýni valdið hér mestu um. Hefðu menn tekið afstöðu með friðunarákvæðunum væri veiðimálum nú öðru vísi komið víðast hvar. Mönnum ætti að vera ljóst að brýn nauðsyn er til að friðunarákvæðum ^{löganna} sé hlýtt út í esar. Þörf er á að hafa eftirlit með veiði og hefur Veiðifélagið haft eftirlitsmenn á félagssvæðinu að undanförmu, en eftirlitsstarfið hefur verið unnið í aukavinnu. Etlunin er, að framvegis verði ráðinn maður til starfsins, sem ekki geri annað en að annast um eftirlitið.

Það þykir rétt í þessu sambandi, að geta um reglugerð um göngusilungsveiði á félagssvæðinu, sem gefin var út 7. júní 1943. Svo virðist sem fáum hafi verið hún kunn, og skal hún því birt hér í heild.

Reglur

um göngusilungsveiði á félagssvæði Veiðifélags Árnesinga.

1. gr. Á félagssvæði Veiðifélags Árnesinga er óheimilt að stunda göngusilungsveiði, nema á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst ár hvert. Á þessum veiðitíma

skal þó heimilt að stunda slíka veiði frá kl. 9 á föstudagskvöldi til kl. 9 á mánudagsmorgni í viku hverri.

2. gr. Til veiði þeirrar, er getur í 1. gr. má aðeins nota stöng og lagnet, er lögð séu frá bakka, og skal möskva-
stærðin vera þannig, að 4.5 - 5.0 cm. verði milli hnúta
í möskvum, þá net eru vot. Kláfa, grjótgarða eða annan
lagnarútbúnað má ekki nota.
3. gr. Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 1943.
Reglur þessar staðfestast hér með samkvæmt 2. gr. 69.
gr. laga nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði, og birtist
til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 7. júní 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

(í B-deild Stjórnartíðinda, nr. 138, 7. júní 1943).

Á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár eru nokkrar smá ár, sem í hafa gengið laxastóð, en sem nú eru laxlitlar eða laxlausar. Ár þessar hafa yfirleitt ágæt hrygningar- og uppeldisskilyrði fyrir lax. Það væri til mikilla hagsbóta fyrir vatnasvæðið ár þessar fylltust aftur af laxi. Gert er ráð fyrir að flytja í þær laxaseiði og friða þær fyrir veiði. Árangurinn af ræktun smáanna verður skiljanlega að miklu leyti komin undir samvinnuhug banda, sem við þær búa, um ræktunina. Ef bandur friðuðu smáárnar fyrir silungsveiði og hefðu eftirlit með, að ekki væri stolist í þær, mundi ræktun þeirra gefa skjótan og góðan árangur.

Til öflunnar seiða í umræddar smáar var gert ráð fyrir að Veiðifélagið ræki klak, og skyldi áherzla lögð á að afla heppilegra stofna til undaneldis. Í sambandi við klakrekstur ber að hafa í huga, að aðeins séu notaðir laxstofnar með heppilega eiginleika fyrir árnar, sem sleppa á seiðunum í, svo sem stærð og snemmgengi. Stærð einstaklinga er þýðingarmikið atriði í sambandi við heildarþunga af laxi, sem fæst úr ákveðinni á. Laxinn vex lítið meðan hann er í fersku vatni (2-5 ár) og vegur aðeins í kringum 50 gr., þegar hann gengur sem seiði til sjávar. Í sjónum vex hann mjög ört og þyngist á einu ári upp í 6 pund og á

tveimur árum upp í 13 pund. Það er því skilegt að afla stofna til undaneldis, sem hafa þann eiginleika að dveljast lengur en eitt ár í sjónum. Þá er og þýðingar- mikið að auka snemmgengna laxinn, því með því lengist veiðitíminn.

Eins og mönnum er kunnugt er flatlent við neðstu hluta laxáanna, og eru þar straumlitlar við ósana. Í botni er sandur, sem er á stöðugri hreyfingu, og er því rennsli á ósasvæðinu breytilegt, þegar lítið vatn er í Laxánum á sumrin eru ósarnir svo grunnir, að laxgöngur í þar stöðvast. Að þessari göngtruflun er mikill skaði, því laxinum seinkar á göngunni, og getur kveðið svo rammt að þessu í þurrka- sumrum, að laxinn komist ekki upp í árnar fyrr en um miðjan september. Laxárnar eru vel fallnar til stangaveiði, en göngutruflanirnar draga mjög úr gæðum þeirra. Ef takast mætti að lagfara ósana, þannig að dregið verði verulega úr truflunum verða þar öruggari veiðiár og því verðmatari en áður.

Laxgengd er engin í Tungufljót. Um 11 km. ofan við mynni þess er Vatnsleysu- foss, en hann er ekki talinn fiskgengur. Ofan við fossinn falla nokkrar smáár í það, er hafa hrygningar- og uppeldisskilyrði fyrir lax, en í sjálfu fljótinu verða slík skilyrði að teljast af skornum skammti, vegna jökulvatnsins, sem í það fellur úr Sandvatni um Árbrandsá. Athuga þarf aðstöðu við byggingu fiskvegur í Vatnsleysufoss og flytja seiði í smáárnar, sem í fljótið renna. Ræktun þverár Tungufljóts er nýsköpun, sem varðar Veiðifélagið sem heild, engu síður en bændur við fljótið sjálft.

Þegar unnið er að alhliða fiskirækt, eins og Veiðifélag Árnesinga hyggst að gera, þá verður ekki komist hjá að reyna að draga úr hattunni, sem laxinum stafar af óvinum sínum. Óvinirnir eru margir og skaðvanlegir, en jafnaðarlega er erfitt að ráða niðurlögum þeirra svo um muni. Selurinn hefur löngum verið talinn skæður óvinur laxins, Reynt hefur verið að útrýma honum í Ölfusá, en ekki tekist ennþá, og verður því að halda áfram herferðinni gegn honum þar til yfir lýkur. Nokkrar fuglategundir svo sem fiskiendur, svartbakur, lómur og hindbrini lifa að meira eða minna leyti á seyðum silunga og laxa og valda miklu tjóni. Fleiri fuglateg- undir, en þar, sem nú hafa verið nefndar, valda verulegu tjóni á seiðum, en þar eru friðaðar. Góðum árangri verður ekki náð við útrýmingu vargfugla nema með því að allir taki saman höndum um framkvæmd málsins. Minkurinn hefur nú nýverið batzt í hóp óvina laxins. Hann er skaðræðisskepna hvað fleira snertir en laxadráp, og er því fyllsta ástæða til að leggja sig fram við að útrýma honum.

Undirstaðan undir skilningi manna á háttalagi laxins er þekking á högum hans, en slíkrar þekkingar verður einungis aflað með rannsóknum óg athugunum. Til skil- ingsauka á högum laxastofnanna á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár mun ég annast rann-

sóknir að undangengiinni gagnasöfnun. Hafa veiðimenn lofað að aðstoða við söfnun gagna. Niðurstöður rannsóknanna munu koma að gagni á margan hátt, en hér verður aðeins dregið á eitt slíkt atriði. Eins og að ofan getur þarf aðgæzlu við vel heppilegra laxastofna til klaks. Rannsóknirnar munu væntanlega leiða í ljós, hvaða stofnar eru heppilegastir til undaneldis hvað snertir vaxtarhraða, stærð, aldur og fleira.

Að endingu skal vakin athygli veiðibanda á því, að hér er á ferðinni stórkostlegt hagsmunamál, er verður miklu fyrir þá sem einstaklinga jafnt sem fyrir héraðið í heild. Bandur íhuga vonandi vel afstöðu sína til málsins að fengnum þeim upplýsingum, sem hér hafa verið gefnar, og kjósa að stuðla framvegis að ræktun veiðivatnanna, frekar en að rányrkja þau, enda gata þeir með því bezt sinna eigin hagsmuna í framtíðinni.

Reykjavík, 21. apríl 1948.